



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

REIM2KF05

Knapinn og þjálfun hrossa

Kennari/kennarar:	Sissel Tveten (ST) Sissel@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Áhersla lögð á knapann, líkamsbeitingu, jafnvægi, viðhorf og andlega líðan. Áframhaldandi grunnþjálfun hesta á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins. Teymingar og framhaldsfimipjálfun. Samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga. Söfnun og töltþjálfun. Farið er ítarlega í mikilvægi jafnvægis, góðs forms og grunnatriða þjálfunar með tilliti til hreyfiefðlis hestsins. Nemendur læra að nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.

Undanfari: HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINH2FH10

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjálfunarhugtökum og skilgreiningum sem liggja þeim að baki.
- þjálfunarstigum klassískrar reiðmennsku.
- formi og líkamsbeitingu hestsins.
- muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
- grunnatriðum þjálfunar með tilliti til hreyfiefðlis hestsins.
- framhalds fimíæfingum og þjálfun þeirra.
- samspili hvetjandi og hamlandi ábendinga.
- upphafi söfnunar, stöðvun og hömlun.
- mismunandi vinnuaðferðum og nálgun við þjálfun hesta.
- taumsambandi og taumhaldi, helstu forsendum og notkun.
- öllum helstu ásetum forsendum þeirra og notkun.
- eðli og tilgang markmiðssetningar og þjálfunaráætlana.
- Töltþjálfun

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.
- grunnþjálfu rétt gangtegundir (utan skeiðs).
- nota allar ásetur markvisst.
- grunnþjálfu hest á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins, jafnvægi og gott form.
- nota helstu fimíæfingar (grunnur) til að bæta jafnvægi og liðleika hestsins.

- setja upp skynsamlegar aðstæður við þjálfun hests og leggja mat á árangur.
- setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir og fylgja þeim.
- greina þjálfunarstig hesta og setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir í samræmi við þarfir hestsins.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa mjög gott vald á lóðréttri og stígandi ásetu og gott jafnvægi á baki hestsins.
- hafa nákvæmt og næmt taumhald.
- geta riðið krossgang til beggja hliða í góðu jafnvægi.
- hafa gott vald á baugavinnu og reiðleiðum á vellinum á feti, tölti/brokki og stökki.
- geta riðið gangskiptingar markvisst og af nákvæmni.
- geta látið hestinn stöðva, bíða eftir ábendingu frá knapanum og fara rétt af stað í góðu jafnvægi. hestur og knapi séu spennulausir, í andlegu og líkamlegu jafnvægi. geta notað samspil hvetjandi og hamlandi ábendinga.

Námsefni:

Knapamerki 4 ásamt efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Þjálfunahestaverkefnið hefst.	Þjálfunahestaverkefni
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Þjálfunahestaverkefnið lýkur með gæðingafími.	Gæðingafími
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. Mars	Þáttaka vetrarleikar

		Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. Undibúningur og þáttaka á vetrarleikar.	
13 - 16	7.- 30. apríl	Undirbúningur fyrir knapamerki 4	Undirbúningur fyrir knapamerki 4
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí. Knapamerki 4.	Knapamerki 4

Sérreglur áfangans:

Í verklegri reiðmennsku er stuðst við raunmætingu og verður nemandinn skráður úr áfanganum eftir níundu fjarvist óháð vottorði.

Til þess að geta sinnt heimanámi í verklegum reiðmennsku áföngum er nauðsynlegt að hafa aðgang að hesti/um og aðstöðu til að þjálfa meðan á önninni stendur.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
------------	-------------------	------

Þjálfunar hest	Verkleg-þjálfun	20%
Þjálfunar hest-munnlegt	Viðtal varðandi þjálfunar hest	5%
Gæðingafimi	Sýning gæðingafimi prógram	20%
Vetrarleikar	Þáttaka á vetrarleikar FSu	5%
Framistaða og virkni	Hér er metið hvernig frammistaða og virkni nemandans er í verklegum tímum og á þetta við um allan tímann sem nemendur eru í Votmúla og tekur yfir alla verkþætti sem eiga við á staðnum. Munum að sýna gott viðhorf gagnvart hestunum, samnemendum og öðrum.	10%
Knapamerki 4	Knapamerki 4 prógam	40%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 07.01.26

Sissel Tveten